

LÖG

um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat, úthlutun eldissvæða o.fl.).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um fiskeldi, nr. 71/2008, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. 20. tölul. orðast svo: *Sjókvíaeldi:* Eldi á eldisdýrum í kvíum eða lokuðum eldisbúnaði sem komið er fyrir í sjó eða söltu vatni.
- b. Við bætast ellefu nýjar skilgreiningar, í viðeigandi stafrófsröð, svohljóðandi:
 1. *Áhættumat erfðablöndunar:* Mat á því magni frjórra eldislaxa sem strjúka úr eldi í sjó og vænta má að komi í ár þar sem villta laxastofna er að finna og metið er að erfðablöndun eldislax við villta nytjastofna, að teknu tilliti til mótvægisáðgerða, verði það mikil að tíðni arfgerða villtra stofna breytist og valdi versnandi hæfni stofngerða þeirra.
 2. *Eldissvæði:* Svæði þar sem fiskeldi er leyft og afmarkað með sérstökum hnítum.
 3. *Kví:* Netpoki sem hangir í fljótandi grind eða er festur á grind sem komið er fyrir við yfirborð lagar.
 4. *Lax:* Fiskur af tegundinni *Salmo salar*.
 5. *Laxfiskar:* Fiskar af tegundunum lax (*Salmo salar*), urriði (*Salmo trutta*), bleikja (*Salvelinus alpinus*) og regnbogasilungur (*Oncorhynchus mykiss*).
 6. *Lífmassi:* Lífmassi er margfeldi af fjölda og meðalþyngd eldisdýra á tilteknu eldisvæði í sjó eða landeldi.
 7. *Lokaður eldisbúnaður:* Eldisbúnaður þar sem eldisdýrum er haldið í lokuðu rými í sjó eða söltu vatni, sjó- eða vatnsskiptum er stýrt og mögulegt er að endurnýta úrgang vegna eldisins með því að fjarlægja hann úr eldisbúnaðinum. Kröfur vegna slíks eldisbúnaðar skulu taka mið af sömu stöðlum og kröfum og gerðar eru til kvía sem notaðar eru í sjó.
 8. *Ófrjór lax:* Lax sem framleiðir ekki frjóar kynfrumur.
 9. *Sjókvíaeldisstöð:* Starfsstöð rekin sem ein heild. Stöðin getur verið hefðbundin kví í sjó eða sökkvanlegur eða fljótandi lokaður eldisbúnaður, fleki, fóðurlagnir og/eða annar sá búnaður sem er nauðsynlegur til reksturs slíkrar stöðvar.
 10. *Sníkjudýr:* Dýr sem lifir sníkjulífi á eða í eldisdýri og getur valdið því skaða.

11. *Villtur laxastofn*: Laxastofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.

2. gr.

Í stað 3. og 4. mgr. 4. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra skipar samráðsnefnd um fiskeldi til fjögurra ára í senn. Nefndin er stjórnvöldum til ráðgjafar vegna málefna fiskeldis og skal taka til umfjöllunar hvaðeina sem málaflokkinn snertir. Í því felst m.a. að leggja mat á forsendur og úrvinnslu þeirra gagna sem áhættumat erfðablöndunar byggist á. Í nefndinni eiga sæti sex fulltrúar. Einn fulltrúi skal skipaður án tilnefningar og er hann formaður, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn samkvæmt tilnefningu samtaka fiskeldisfyrirtækja, einn samkvæmt tilnefningu Landsambands veiðifélaga, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn samkvæmt tilnefningu umhverfis- og auðlindaráðherra. Fulltrúar til vara skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin skal funda svo oft sem þurfa þykir. Formaður kveður hana saman til fundar. Kostnaður af störfum hennar greiðist úr ríkissjóði en hver þeirra sem tilnefnir fulltrúa ber kostnað af störfum þess fulltrúa. Ráðherra skal setja nánari reglur um störf nefndarinnar með reglugerð.

3. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Skipting hafsvæða í eldissvæði, auglýsing og úthlutun þeirra.

Hafrannsóknastofnun ákveður skiptingu fjarða eða hafsvæða í eldissvæði á grundvelli burðarþols og bestu heildarnýtingar mögulegra eldissvæða. Áður skal stofnunin leita umsagnar Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar og, þar sem við á, svæðisráðs viðkomandi svæðis um tillögu sína, sbr. lög um skipulag haf- og strandsvæða, nr. 88/2018. Þar sem strandsvæðisskipulag samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða liggur fyrir skal Hafrannsóknastofnun taka tillit til þess við ákvörðun um skiptingu í eldissvæði. Þar sem strandsvæðisskipulag liggur ekki fyrir skal Skipulagsstofnun birta tillögu Hafrannsóknastofnunar opinberlega á vefsíðu stofnunarinnar og veita þriggja vikna frest til að skila inn athugasemdum áður en stofnunin veitir umsögn til Hafrannsóknastofnunar.

Þegar burðarþol, áhættumat erfðablöndunar og svæðaskipting skv. 1. mgr. liggur fyrir úthlutar ráðherra eldissvæðum. Ráðherra ákveður hvenær eldissvæðum er úthlutað og hversu mörgum er úthlutað hverju sinni. Heimilt er að framselja þetta vald til undirstofnunar ráðherra.

Auglýsa skal opinberlega úthlutun eldissvæða. Við mat á tilboðum kemur m.a. til skoðunar upphæð tilboðs, reynsla af fiskeldisstarfsemi, fjárhagslegur styrkur, mælikvarðar sem mæla hvernig tilboðsgjafi hefur stundað rekstur sinn og upplýsingar um það hvernig tilboðsgjafi hyggst stunda reksturinn, m.a. út frá umhverfissjónarmiðum.

Komi í ljós að umsækjandi uppfyllir ekki skilmála úthlutunar, umsókn hans um rekstrarleyfi er hafnað af Matvælastofnun eða forsendur fyrir henni bresta af öðrum ástæðum er heimilt að úthluta eldissvæðum að nýju samkvæmt þessari grein.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skiptingu hafsvæða í eldissvæði, um auglýsingu, úthlutun eldissvæða, skilmála úthlutunar, hvað teljist hagstæðasta tilboð og afturköllun tilboðs.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. a laganna sem verður 4. gr. b:

a. 2. mgr. orðast svo:

Þegar ákvörðun Skipulagsstofnunar, eða eftir atvikum hlutaðeigandi sveitarstjórnar, um að framkvæmd sé ekki matsskyld eða álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir skal umsækjandi afhenda Matvælastofnun umsóknir um leyfi skv. 1. mgr. og skulu þær afgreiddar samhliða, sbr. þó 2. mgr. 17. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

b. Í stað 2.–4. másl. 3. mgr. kemur einn nýr málsliður, svohljóðandi: Hvor stofnun um sig skal tilkynna umsækjanda hvort umsókn telst fullnægjandi innan mánaðar frá því að umsókn berst.

c. 6. másl. 3. mgr. orðast svo: Matvælastofnun afhendir umsækjanda útgefin starfs- og rekstrarleyfi samtímis.

5. gr.

5. gr. laganna fellur brott ásamt fyrirsögn.

6. gr.

Við 2. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra skal taka tillit til sjónarmiða um aðra nýtingu hafsvæða en nýtingu vegna fiskeldis við ákvörðun sína skv. 1. mgr.

7. gr.

Á eftir 6. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 6. gr. a og 6. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (6. gr. a.)

Áhættumat erfðablöndunar.

Hafrannsóknastofnun gerir tillögu til ráðherra um það magn frjórna laxa, mælt í lífmassa, sem heimila skal að ala í sjó hverju sinni á tilteknu hafsvæði á grundvelli áhættumats erfðablöndunar. Með áhættumatinu er áhætta af erfðablöndun frjórna eldislaxa við villta laxastofna miðað við magn frjórna eldislaxa á tilteknu hafsvæði metin með líkani. Markmið þessa er að koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum.

Í áhættumati erfðablöndunar skal tekið tillit til mótvægisáðgerða sem draga úr mögulegri erfðablöndun, m.a. ljósastýringar og stærðar seiða og netpoka. Hafrannsóknastofnun skal leita eftir tillögum eldisfyrirtækja að slíkum mótvægisáðgerðum. Áhættumatið skal byggt á þáttum eins og áætlun um fjölda strokufiska og endurkomuhlutfalli þeirra, áhrifum hafstrauma og dreifingu fiska, fjarlægð áa frá sjókvíaldissvæðum, stofnstærð laxa í ám og öðru sem þýðingu kann að hafa.

Áhættumat skal endurskoða svo oft sem þörf þykir en þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Undirbúi Hafrannsóknastofnun tillögu skv. 1. mgr. skal stofnunin áður leita ráðgefandi álits samráðsnefndar skv. 3. mgr. 4. gr. um tillöguna. Stofnunin skal taka rökstudda afstöðu til álitsins og gera breytingar á tillögunni ef stofnunin telur ástæðu til þess.

Ráðherra staðfestir áhættumat erfðablöndunar að fenginni tillögu Hafrannsóknastofnunar. Tillagan er bindandi fyrir ráðherra. Eldra áhættumat gildir þar til nýtt hefur verið staðfest. Rekstrarleyfi skulu samrýmast staðfestu áhættumati erfðablöndunar og skal Matvælastofnun, ef við á, breyta gildandi rekstrarleyfum, að gefnum hæfilegum fresti til aðlögunar. Sé leyfi-

legt framleiðslumagn í áhættumati bundið tilteknum skilyrðum, t.d. um mótvægisáðgerðir, skal Matvælastofnun hafa eftirlit með að rekstrarleyfishafi fullnægi þeim skilyrðum. Sama gildir að breyttu breytanda um starfsleyfi sem gefin eru út samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ráðherra skal setja nánari ákvæði í reglugerð um meðferð, útgáfu og breytingu rekstrarleyfa og mótvægisáðgerðir sem og framkvæmd vöktunar lífmassa frjórna laxa. Þar verði nánari ákvæði um meðferð, útgáfu og breytingu áhættumats, m.a. hvernig skuli farið með framleiðslu verði dregið úr henni í kjölfar endurskoðunar áhættumats, og hvernig skuli farið að við aukningu á framleiðslu, í samræmi við niðurstöðu endurskoðunar áhættumats. Reglugerðin skal taka tillit til bestu fáanlegrar tækni og þess hvernig best verði stuðlað að sem umhverfisvænstum rekstri.

b. (6. gr. b.)

Burðarþolsmat.

Ráðherra ákveður hvaða firði eða hafsvæði skuli meta til burðarþols og hvenær það skuli gert. Burðarþolsmat skal framkvæmt af Hafrannsóknastofnun eða aðila sem ráðuneytið samþykkir að fenginni bindandi umsögn Hafrannsóknastofnunar.

Hafrannsóknastofnun skal vakta lífrænt álag þeirra svæða sem þegar hafa verið metin til burðarþols og endurskoða matið svo oft sem þurfa þykir að mati stofnunarinnar.

Lífmassi eldisdýra hvers rekstrarleyfis skal að hámarki samrýmast burðarþolsmati og skal Matvælastofnun, ef við á, breyta gildandi rekstrarleyfum, að gefnum hæfilegum fresti til aðlögunar. Sama gildir að breyttu breytanda um starfsleyfi sem gefin eru út samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Heimilt er að setja nánari ákvæði í reglugerð um meðferð, útgáfu og breytingu burðarþolsmats.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. 2. másl. 2. mgr. orðast svo: Umsækjandi skal uppfylla kröfur sem gerðar eru um heilbrigði lagareldisdýra og afurða þeirra, um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum og um velferð lagareldisdýra.
- b. 3. mgr. orðast svo:

Við lok gildistíma rekstrarleyfis er heimilt, að framkominni umsókn, að úthluta eldisvæðum að nýju til hlutaðeigandi. Sé um endurúthlutun að ræða skal Matvælastofnun endurmeta hvort umsækjandi uppfylli kröfur sem gerðar eru til rekstursins skv. 2. mgr.

9. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Umsókn um rekstrarleyfi til fiskeldis skal vera skrifleg. Í henni skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að fiskeldisstöð, að umsækjandi hafi fullnægjandi fagþekkingu á viðkomandi sviði, að innra eftirlit stöðvar og eldisbúnaður standist kröfur sem nánar er kveðið á um í lögum þessum eða reglugerð um fiskeldi, um stærð og framleiðslumagn stöðvar mælt í lífmassa, eldistegundir, eldisstofna, hlutfall frjórna laxa og ófrjórna í eldi og eldisáðferðir. Einnig skal fylgja umsókn afrit af ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmd sé ekki matsskyld eða álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Umsókn skv. 1. mgr. skulu fylgja gögn um heimild til afnota af landi eða vatni eða gögn um úthlutun eldissvæðis skv. 4. gr. a ef við á. Umsókn skal einnig fylgja rekstraráætlun sem sýnir m.a. uppbyggingarferil eldis og öflun hrogna og seiða, svo og önnur gögn sem Matvælastofnun eru nauðsynleg til að meta hvort skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis séu fyrir hendi.

Umsókn um rekstrarleyfi sjókvíaeldisstöðvar skal fylgja áætlun um fjárfestingar í búnaði ásamt staðfestingu á stöðu eigin fjár og eiginfjárhlutfalli umsækjanda þegar umsókn er lögð fram. Eiginfjárhlutfall skal vera að lágmarki 30% að teknu tilliti til fjárfestinga í búnaði samkvæmt áætlun.

10. gr.

9. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Afstaða Matvælastofnunar.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar eða álit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdar skal liggja fyrir áður en tillaga að rekstrarleyfi er auglýst opinberlega.

Ef fyrirhuguð starfsemi er háð mati á umhverfisáhrifum skal Matvælastofnun við útgáfu rekstrarleyfis kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar hvað varðar tengsl við verksvið stofnunarinnar. Ef framkvæmd er ekki matsskyld samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar skal Matvælastofnun við útgáfu rekstrarleyfis kynna sér tilkynningu framkvæmdaraðila og ákvörðun um matsskyldu og kanna, hvað varðar verksvið stofnunarinnar, hvort framkvæmdin sé í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

Matvælastofnun skal taka tillit til áhættumats erfðablöndunar skv. 6. gr. a og burðarþolsmats skv. 6. gr. b og taka rökstudda afstöðu til sjúkdómstengdra þátta sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar.

Matvælastofnun er heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að hefta útbreiðslu smitsjúkdóma eða sníkjudýra, svo sem kveðið er á um í 10. gr. laga um varnir gegn fisksjúkdómum, nr. 60/2006. Stofnunin getur m.a. skilgreint smitsjúkdómasvæði og takmarkað flutning lifandi eldisfiska milli slíkra svæða.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. og 2. mgr. orðast svo:

Telji Matvælastofnun að umsókn um rekstrarleyfi fullnægi skilyrðum laga þessara, og eftir auglýsingu tillögu að rekstrarleyfi skv. 10. gr. a, skal stofnunin gefa út rekstrarleyfi til 16 ára. Matvælastofnun skal endurskoða rekstrarleyfi reglulega. Rekstrarleyfishafi skal afhenda leyfisveitanda öll gögn og upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða skilyrði rekstrarleyfis, ef leyfisveitandi óskar þess. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um endurskoðunina, m.a. um skilyrði hennar og tíðni.

Í rekstrarleyfi skulu vera ákvæði um stærð fiskeldisstöðvar mælt í leyfilegum líf-massa og hvort um sé að ræða seiðaeldi, áframeldi, strandeldi, landeldi eða sjókvíaeldi. Þegar um er að ræða sjókvíaeldi þarf einnig að koma fram hvort eldið sé kynslóðaskipt eða án kynslóðaskiptingar. Þá skal í rekstrarleyfi kveðið á um leyfilegar tegundir í eldi og leyfilega eldisstofna. Í rekstrarleyfi fyrir laxeldi skal m.a. kveðið á um hvort um sé að ræða eldi á frjóum laxi eða ófrjóum og skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa, sem byggist á gagnagrunni um erfðaefni hjá framleiðanda hrogna. Ætli rekstrarleyfishafi að stunda bæði eldi á frjóum og ófrjóum laxi skal Matvælastofnun gefa út aðskilin

- rekstrarleyfi. Eldi ófrjórta laxa skal halda aðgreindu frá eldi frjórta laxa. Ráðherra skal setja nánari ákvæði í reglugerð um þær aðferðir sem skylt er að nota til að rekja uppruna eldislaxa til ákveðinna sjókvíaeldisstöðva og um framkvæmd þeirra.
- b. Í stað tilvísunarinnar „2. mgr.“ í 10. mgr. kemur: 3. mgr.

12. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:
Auglýsing tillögu að rekstrarleyfi. Birting rekstrarleyfis.

Matvælastofnun skal vinna tillögur að rekstrarleyfum og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Matvælastofnun og Umhverfisstofnun skulu auglýsa tillögu að rekstrar- og starfsleyfi á sama tíma. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur Matvælastofnunar innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Matvælastofnun skal innan fjögurra vikna frá því að frestur rann út til að gera athugasemdir við tillögur að rekstrarleyfi taka ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis. Matvælastofnun skal tilkynna Umhverfisstofnun, umsækjanda um rekstrarleyfi og þeim sem hafa gert athugasemdir við umsóknina um afgreiðslu rekstrarleyfis.

Matvælastofnun skal auglýsa á vefsíðu sinni útgáfu og gildistöku rekstrarleyfa. Birting á vefsíðu Matvælastofnunar telst vera opinber birting.

13. gr.

Við 11. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sjókvíaeldisstöðvar skulu hafa stöðvarskírteini útgefið af faggiltri skoðunarstofu og skal skírteinið aðeins gilda fyrir eina sjókvíaeldisstöð á tilteknum stað. Í stöðvarskírteini skulu koma fram upplýsingar um hönnun, ástand og samsetningu búnaðar sjókvíaeldisstöðvar og vottun um að búnaður uppfylli kröfur laga og gildandi staðla.

Ráðherra skal setja nánari reglur um upphaf starfsemi, m.a. um staðarúttekt, matsgreiningar festinga, meginhluti og stöðvarskírteini með reglugerð.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:

Rekstrarleyfishafi, sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga. Ef fyrir liggur rökstuddur grunur um strokufisk úr eldi í sjó skal Fiskistofa án tafar að eigin frumkvæði kanna hvort strok hafi átt sér stað. Staðfesti Fiskistofa strok eldisfisks skal stofnunin tryggja að brugðist sé við í samræmi við 2.–4 mgr.

- b. Á eftir 3. másl. 2. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Fiskistofu er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem veiðifélag hefur ekki verið stofnað, að mæla fyrir um að leitað verði að slíkum fiski í nærliggjandi veiðiám eða vötnum og hann fjarlægður.
- c. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Veiðar á fiski sem strýkur.*

15. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, 13. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Innra eftirlit.

Rekstrarleyfishafi ber ábyrgð á því að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með starfsemi, þ.m.t. eldisdýrum og heilbrigði þeirra, mannvirkjum og búnaði. Innra eftirlit skal tryggja að starfsemi sé í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla eða rekstrarleyfi sem eru veitt samkvæmt þeim. Rekstrarleyfishafi skal sannprófa að eftirlit og úrbætur séu í samræmi við reglur um innra eftirlit.

Innra eftirlit sjókvíaeldisstöðvar skal m.a. fela í sér vöktun á viðkomu sníkjudýra í eldinu í samræmi við leiðbeiningar sem fram koma í reglugerð sem ráðherra setur. Niðurstöður vöktunar skulu sendar Matvælastofnun sem metur hvort og þá hvaða aðgerða er þörf vegna sníkjudýra í eldinu. Matvælastofnun skal leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar áður en ákvörðun um aðgerðir er tekin. Niðurstöður vöktunar skal Matvælastofnun birta opinberlega í samræmi við 19. gr. b.

Rekstrarleyfishafi sjókvíaeldisstöðvar og landeldisstöðvar yfir ákveðinni stærð skal, sem hluta af innra eftirliti, starfrækja gæðakerfi þar sem fram koma verklagsreglur, m.a. um þjálfun starfsmanna og viðbragðsáætlanir. Leyfishafi skal sannreyna að verklagsreglur og viðbragðsáætlanir uppfylli markmið og gera nauðsynlegar úrbætur. Heimilt er að draga úr tíðni eftirlits hjá rekstrarleyfishafa sem hefur vottun frá faggiltum aðila eða frá alþjóðlega viðurkenndum aðila um að innra eftirlit fyrirtækisins uppfylli kröfur laga og reglna og viðmið Matvælastofnunar um frávík í opinberu eftirliti.

Matvælastofnun skal sannreyna með reglulegum hætti að framkvæmd innra eftirlits með starfsemi sé í samræmi við lög og reglur.

Ráðherra setur frekari ákvæði um innra eftirlit í reglugerð, þ.m.t. um viðbragðsáætlanir og skyldu rekstrarleyfishafa til starfrækslu gæðakerfis.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Eftirlit með heilbrigði og velferð fiska og heilnæmi eldisafurða skal einnig framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við lög þar að lútandi.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Til að Matvælastofnun geti framkvæmt eftirlit skv. 1. mgr. skal rekstrarleyfishafi mánaðarlega gefa Matvælastofnun skýrslu um starfsemi sína. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um framleiðslumagn stöðvar af slátruðum fiski, eldisrými, fóðurnotkun, birgðir af fiski mældar í lífmassa, uppruna fisks, sjúkdóma, sníkjudýr og önnur óhöpp í rekstri, svo og önnur þau atriði sem stofnuninni eru nauðsynleg til virks eftirlits samkvæmt lögum þessum. Þá skal færð dagbók um starfsemina í fiskeldisstöðvum samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Matvælastofnun er heimilt að kalla eftir frekari gögnum en hér greinir þegar tilefni er til. Matvælastofnun er heimilt að framkvæma upplýsingaöflun með rafrænum hætti og skylda rekstrarleyfishafa til að skrá upplýsingarnar í gagnagrunn sem stofnunin leggur til.

- c. Í stað 5. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, 5. og 6. mgr., svohljóðandi:

Matvælastofnun skal heimill óheftur aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal til töku sýna og myndatöku, að dagbók rekstrarleyfishafa og að öllum þeim stöðum sem lög þessi og stjórnvaldsreglur ná yfir og er stofnuninni heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf.

Rekstrarleyfishafa eða starfsmönnum hans er skylt að veita aðstoð við framkvæmd eftirlitsins og veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara og ber rekstrarleyfishafa endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin

eru nauðsynleg til eftirlits. Þá getur opinber eftirlitsaðili ákveðið að rekstrarleyfishafi skuli greiða allan kostnað vegna þvingunarúrræða sem framkvæmd eru samkvæmt lögum þessum og má innheimta slíkan kostnað með fjárnámi án dóms eða sáttar.

17. gr.

Á eftir 19. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 19. gr. a – 19. gr. c, ásamt fyrisögnum, svohljóðandi:

a. (19. gr. a.)

Tímabundnar rannsóknir Hafrannsóknastofnunar.

Hafrannsóknastofnun getur, sjálf eða í samvinnu við aðra, stundað tímabundnar rannsóknir í fiskveiðilandhelgi Íslands á eldi lagardýra, eldisaðferðum, atferli eldisfisks, mannvirkjum, búnaði og heilbrigði lagardýra.

Ráðherra veitir leyfi til rannsókna skv. 1. mgr. samkvæmt umsókn þar sem fram koma m.a. upplýsingar um markmið og framkvæmd rannsóknarinnar.

Við slíkar rannsóknir skal gætt allra varúðarsjónarmiða vegna þeirrar eldisstarfsemi sem þegar er starfrækt á viðkomandi svæði og þess gætt að tilraunastarfsemi raski ekki eða auki rekstrarlega áhættu þeirrar starfsemi.

b. (19. gr. b.)

Birting upplýsinga úr eftirliti og um framleiðslu.

Heimilt er að birta opinberlega upplýsingar úr eftirliti Matvælastofnunar og upplýsingar úr rekstrarleyfum og framleiðsluskýrslum einstakra rekstrarleyfishafa skv. 2. mgr. 14. gr.

Upplýsingar um strok og tilkynningarskylda sjúkdóma, svo sem um laxalús, óeðlileg afföll eldisdýra eða slæma meðferð á eldisdýri, skal Matvælastofnun birta opinberlega þegar slíks verður vart.

Ráðherra skal setja ákvæði í reglugerð um opinbera birtingu upplýsinga. Slíkar reglur skulu kveða nánar á um framsetningu og inntak birtingarinnar, m.a. að birtingin sé rafræn og innan hvaða tímamarka skuli birta slíkar upplýsingar.

c. (19. gr. c.)

Birting upplýsinga.

Matvælastofnun skal greina opinberlega frá niðurstöðum eftirlits og ákvörðunum sem fela í sér:

- a. afturköllun rekstrarleyfis,
- b. ákvörðun um úrbætur sem unnar eru á kostnað rekstrarleyfishafa,
- c. álagningu dagsekta,
- d. ákvörðun um álagningu stjórnvaldssekta.

18. gr.

Lokamálsliður 20. gr. a laganna fellur brott.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. e laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Rekstrarleyfishafi sem elur frjóan lax í kvíum í sjó skal greiða árlegt gjald að upphæð 20 SDR fyrir hvert tonn sem heimilt er að framleiða samkvæmt rekstrarleyfi. Rekstrar-

leyfishafi sem elur ófrjóan lax eða regnbogasilung skal greiða árlegt gjald að upphæð 10 SDR fyrir hvert tonn sem heimilt er að framleiða samkvæmt rekstrarleyfi. Rekstrarleyfishafi sem starfrækir eldi með lokuðum eldisbúnaði skal greiða árlegt gjald að upphæð 5 SDR fyrir hvert tonn sem heimilt er að framleiða samkvæmt rekstrarleyfi. Við umreikning í íslenskar krónur skal miða við miðgengi íslensku krónunnar. Gjaldið rennur í ríkissjóð.

b. 2. mgr. fellur brott.

20. gr.

Á eftir 1. másl. 21. gr. b laganna koma tveir málsliðir, svohljóðandi: Með sama hætti getur Matvælastofnun látið slátra eldisfiski og hreinsað eldissvæði á kostnað rekstrarleyfishafa þegar hann hefur ekki farið að ákvæðum laga og reglugerða um leyfilegan lífmassa fjórra laxa eða lífmassa eldisdýra samkvæmt rekstrarleyfi. Ráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmdina með reglugerð.

21. gr.

4. másl. 1. mgr. 21. gr. c laganna orðast svo: Eldisdýr sem hæf eru til manneldis skulu seld og andvirðið, að fráregnum kostnaði Matvælastofnunar við söluna, skal renna í ríkissjóð hafi aðili hafið starfsemi án rekstrarleyfis en ella til fyrrverandi rekstrarleyfishafa.

22. gr.

Á eftir 21. gr. c laganna koma tvær nýjar greinar, 21. gr. d og 21. gr. e, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (21. gr. d.)

Stjórnvaldssektir.

Matvælastofnun getur lagt stjórnvaldssektir á rekstrarleyfishafa sem brýtur gegn einhverju eftirtalinna ákvæða laga þessara um:

1. hámark lífmassa í eldi á hverjum tíma skv. 6. gr. a og 6. gr. b,
2. bann við flutningi eldisfisks eða seiða í fiskeldisstöð án rekstrarleyfis skv. 2. mgr. 11. gr.,
3. skyldu til að tilkynna um strok á fiski og beita sér fyrir veiðum á strokufiski skv. 1. og 2. mgr. 13. gr.,
4. bann við framsali, leigu og veðsetningu á rekstrarleyfi án skriflegs samþykkis Matvælastofnunar skv. 17. gr.,
5. bann við sleppingum kynbættis eldisfisks í fiskrækt eða hafbeit skv. 1. mgr. 19. gr.,
6. bann við flutningi og sleppingum eldisfisks og lifandi fisks skv. 2. mgr. 19. gr.,
7. bann við innflutningi á notuðum eldisbúnaði án leyfis Matvælastofnunar skv. 20. gr.

Sektir geta numið frá 100.000 kr. til 150.000.000 kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, þeirra hagsmuna sem í húfi eru, verðmætis ólögþráttar framleiðslu, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot hefur verið að ræða síðastliðin þrjú ár. Jafnframt skal líta til þess hvort ætla megi að brotið hafi verið framið í þágu hagsmuna lögaðila, hann hafi eða hafi getað haft ávinning af broti og hvort hægt hafi verið að koma í veg fyrir brotið með stjórnun og eftirliti.

Matvælastofnun er heimilt að fella mál niður í stað þess að leggja á stjórnvaldssektir ef:

- a. ómögulegt var fyrir rekstrarleyfishafa að koma í veg fyrir brot,
- b. brot hans er smávægilegt,

c. sérstaklega stendur á og álagning stjórnvaldssektar þykir ekki brýn af almennum réttarvörsluástæðum.

Stjórnvaldssektum skal beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi. Gjaldldagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina er tekin. Hafi stjórnvaldssekt ekki verið greidd innan 15 daga frá gjaldldaga hennar skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar frá gjaldldaga hennar. Ákvörðun Matvælastofnunar um álagningu stjórnvaldssektar er aðfararhæf og renna sektir í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Aðili máls getur skotið ákvörðun Matvælastofnunar um stjórnvaldssektir til ráðherra innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Málskot til ráðherra frestar aðför. Úrskurðir ráðherra um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfir.

Heimild Matvælastofnunar til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Frestur skv. 1. málsl. rofnar þegar Matvælastofnun tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

b. (21. gr. e.)

Réttur einstaklinga.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssektar eða kærur til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Matvælastofnun skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

23. gr.

D-liður 22. gr. laganna fellur brott.

24. gr.

Í stað ákvæðis til bráðabirgða í lögunum koma átta ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Umsóknir um rekstrarleyfi fyrir sjókvíaeldi á hafsvæðum sem ekki er búið að meta til burðarþols við gildistöku ákvæðis þessa falla úr gildi. Um úthlutun þessara svæða fer þá skv. 4. gr. a.

Gilt rekstrarleyfi á hafsvæði sem ekki er búið að meta til burðarþols heldur gildi sínu eftir gildistöku þessa ákvæðis en skal taka breytingum þegar burðarþolsmat hefur farið fram. Að öðru leyti gilda ákvæði laganna um slík rekstrarleyfi.

b. (II.)

Um meðferð og afgreiðslu umsókna um rekstrarleyfi fyrir sjókvíaeldi á hafsvæðum sem hafa verið metin til burðarþols og þar sem málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, er lokið fyrir gildistöku þessa ákvæðis eða frummatsskýrslu hefur verið skilað fyrir gildistöku þessa ákvæðis til Skipulagsstofnunar skv. 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, fer eftir eldri ákvæðum laganna.

c. (III.)

Sé rekstrarleyfi sem veitt var samkvæmt eldri löggjöf fellt úr gildi vegna annmarka á leyfisveitingu, skulu ákvæði eldri laga gilda um afgreiðslu nýrra umsókna vegna áðurnefndra leyfa. Það sama á við um þau rekstrarleyfi sem gefin verða út samkvæmt eldri lögum eftir gildistöku laga þessara.

d. (IV.)

Rekstrarleyfi sem Matvælastofnun gefur út fyrir eldi á ófrjóum laxi í samræmi við áhættumat erfðablöndunar skal endurskoða fimm árum frá útgáfu rekstrarleyfisins enda liggi fyrir endurskoðaðar niðurstöður áhættumats erfðablöndunar innan þess tíma.

Hafi rekstrarleyfishafi ekki hafið eldi á ófrjóum laxi innan fimm ára frá útgáfu rekstrarleyfisins skal Matvælastofnun fella leyfið niður. Hafi rekstrarleyfishafi ekki nýtt helming eða meira af leyfilegum lífmassa rekstrarleyfis á ófrjóum laxi innan sjö ára frá útgáfu rekstrarleyfisins skal Matvælastofnun lækka heimilaðan lífmassa í rekstrarleyfi sem hinu ónýtta magni nemur.

Ráðherra er heimilt að auglýsa og úthluta að nýju í samræmi við 4. gr. a eldissvæðum eða leyfilegum lífmassa rekstrarleyfis fyrir ófrjóan lax sem fellur niður skv. 2. mgr.

e. (V.)

Gilt starfsleyfi fyrir sjókvíaeldi sem ekki hefur gilt rekstrarleyfi og er á hafsvæði sem ekki hefur verið burðarþolsmetið við gildistöku ákvæðis þessa fellur úr gildi við gildistöku.

f. (VI.)

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. a skal Hafrannsóknastofnun leggja tillögu að endurskoðuðu áhættumati erfðablöndunar fyrir samráðsnefnd um fiskeldi svo fljótt sem auðið er eftir að lög þessi hafa verið birt í Stjórnartíðindum.

g. (VII.)

Ráðherra skal skipa nefnd þriggja óvilhallra vísindamanna á sviði fiskifræði, stofn-erfðafræði og/eða vistfræði til að rýna aðferðafræði sem Hafrannsóknastofnun notar við mat á burðarþoli og við gerð áhættumats. Skal nefndin skila álitinu og tillögum fyrir 1. maí 2020 til ráðherra. Ráðherra skal í kjölfarið skila Alþingi skýrslu um niðurstöður nefndarinnar og viðbrögð við þeim.

h. (VIII.)

Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en 1. maí 2024.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um varnir gegn fisksjúkdómum, nr. 60/2006,
með síðari breytingum.**

25. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Matvælastofnun er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingum samkvæmt lögum um faggildingum o.fl., nr. 24/2006, að annast framkvæmd eftirlits samkvæmt sérstökum samningi. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur

starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

26. gr.

Við 10. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sé um að ræða ráðstafanir vegna sjúkdóma eða sníkjudýra í sjókvíaeldi skal leita samráðs um ráðstafanir við Hafrannsóknastofnun.

27. gr.

Við 3. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðherra skal, að höfðu samráði við Matvælastofnun, setja reglugerð sem mælir fyrir um aðgerðir vegna sníkjudýra í fiskeldi, svo sem um skyldu rekstraraðila til að telja laxalús og tiltekin viðmiðunarmörk um viðbrögð og aðgerðir vegna útbreiðslu laxalúsar.

III. KAFLI

Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

28. gr.

2. mgr. 58. gr. laganna fellur brott.

29. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó öðlast 15. gr., b- og c-liður 17. gr. og 18., 19. og 22. gr. gildi 1. janúar 2020.

Gjört á Bessastöðum, 1. júlí 2019.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Kristján Þór Júlíusson.